



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 6. ágúst kl. 19.30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson.
Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 31. ágúst 2011.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt.

2. Sorpsvæði Reykhólahrepps.

Framkvæmdaráætlun 2012 – 2014.

Nefndin hefur unnið framkvæmdaráætlun, gerðar voru nokkrar breytingar. Áætlunin rædd og samþykkt.

3. Ósk um samning um minkaveiði í Reykhólahreppi.

Erindi fyrir hönd Reynis Bergsveinssonar dagsett 16. ágúst 2011, frestað á síðasta fundi nefndarinnar. Sveitarstjóri kynnir skýrslu á fundinum.

Nefndin leggur til að gerður verði samningur við Reyni á sömu nótum og við aðra veiðimenn í hreppnum til að gæta jafnræðis.

4. Girðingar innan þorpsins.

Nefndin leggur til að farið verði í að hreinsa ónýtar og óþarfar girðingar innan þorpsins og á landi sveitarfélagsins, jafnframt verði girðingar sem afmarki þorpið gerðar fjárheldar.

5. Fráveitumál í Flatey.

Úttekt á rotpróm/ fráveitumálum. Samvinnuverkefni Framfarafélagsins og Minjaverndar og Vatnsveitu Flateyjar. Ósk um samvinnu við Reykhólahrepp. Erindi frá Framfarafélaginu dagsett 7. september 2011.

Erindið þegar samþykkt af sveitarstjórn.

6. VII Umhverfisping.

Nefndin sendir ekki fulltrúa á þessu ári.

Önnur mál (ef einhver). Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21:10
